

Samantekt af fundi með þremur misstórum sveitarfélögum.

▼ Áskoranir sveitarfélaga

Akureyri-Rut , Norðurþing-Smári, Langanesbyggð- Jónas

Áskoranir

- Úrgangsmál
- Orkuskipti- Orkuframboð
- Svifryksmengun
- Veðurfarsbreytingar
- Fátt sérhæft starfsfólk



Lítið af sérhæfðu starfsfólki


- Sérhæft starf eða starfsfólk annaðhvort ekki til staðar eða upp í tvo hjá Akureyrarbæ 1:10.000
- Allskonar verkefni inn á borði hjá umhverfisstjórum og víðfeðmt svið sem þarf að takast á við.
 - Oft einn starfsmaður sem sinnir mörgum öðrum verkefnum með annan titil.
 - Rekstur hreinlætismála (Sorphirða), rekstur opinna svæða, rekstur áhaldahúss, minka og refa eyðing, hunda og kattahald, girðingar, gatnakerfi, snjómokstur, fjallskil, landleigusamningar, skógrækt, frumhönnun verka og áætlanagerð, umsjón með LUK grunn, verkefni vinnuskóla, skipulag og umsýsla leiksvæða, viðhald véla og tækja, jólaskreytingar og jólatré og ráðgjöf til íbúa og kjörinna fulltrúa.
- Kvaðir þar sem sveitarfélögum er gert að finna eigin lausnir.
 - Eru kvaðir sem settar eru á milljónasamfélög yfirfæranlegar á nokkur hundruð manna samfélag? Horfa þarf vel í hvað er tekið upp og passa að staðfæra það.
- Til að skapa framtíðarlausnir þarf að leggja í það vinnu og fjármagn.

Svifryksmengun

- Ný áskorun sem við verðum meira vör við með breyttu veðurfari og aukinni umferð
- Stærð vandans fer eftir umferð og aðstæðum
- Staðsetning mælitækja.



Akureyri	2019	2020
Fjöldi daga yfir mörkum	22 dagar	10 dagar
Ársmeðaltal	15,8 $\mu\text{g}/\text{m}^3$	12,2 $\mu\text{g}/\text{m}^3$
Fjöldi gilda mælidaga	362 dagar	339 dagar
Hæsti dagur ársins	8. janúar mældist 182,8 $\mu\text{g}/\text{m}^3$	4. maí mældist 102,3 $\mu\text{g}/\text{m}^3$



Veðurfarsbreytingar

- Aðstæður eru að breytast
 - Tíðni öfga veðurs eða “óvenjulegra” aðstæðna eykst



Orkuskipti / orkuframboð

- Misjafnt orkuframboð og afköst dreifikerfis.
- Orka er forsenda atvinnuuppbyggingar
- Nýir möguleikar í virkjanakostum
- Orkuskipti samgangna, framkvæmda og iðnaðar
- Hvað er hlutverk sveitarfélaga?



Úrgangsmál

- Mikil ábyrgð
- Mikil kostnaður
- Mismunandi kerfi
- 40% hækkun á milli útboða Langanes og Norðurþing (5 ár)
- Langar aksturleiðir „Sölvabakki“
- Aðrar lausnir?
 - Líforkuver, hringrásarlausn varðandi lífrænan áburð og brennslustöðvar
- Framtíðarsýn?



Úrgangsmál

ný lög12. gr.

Sérstök söfnun og flokkun úrgangs.

„Sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi skal fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnunin skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila. „

Ráðherra er heimilt, -- að veita undanþágu frá ákvæðum um sérstaka söfnun,

- a. blönduð söfnun tiltekinna tegunda úrgangs hafi ekki áhrif á möguleika til endurnýtingar þeirra úrgangstegunda og slík söfnun tryggi sambærileg gæði úrgangsins og fæst með sérstakri söfnun,
- b. sérstök söfnun skili ekki bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið,
- c. sérstök söfnun sé ekki tæknilega möguleg, eða
- d. sérstök söfnun hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

Úrgangsmál

ný lög16. gr.

- „Skyld er að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, svo sem með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila.“
- „Sveitarfélagi er þó heimilt að færa raunkostnað á milli úrgangsflokka í því skyni að stuðla að hringrásarhagkerfi að teknu tilliti til 3. mgr. Jafnframt er sveitarfélagi heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu til þess að innheimta allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins, sbr. 3. mgr.
- „Sveitarfélag eða byggðasamlag skal árlega birta upplýsingar um innheimt gjöld og sundurliðun á raunkostnaði á vef sínum.“

Úrgangsmál

„í átt að hringrásarhagkerfi“

Tímaáætlun

- Beðið eftir hvernig standa á að gjaldheimtu. –ss byrjun árs.
- Handbók um úrgangsstjórnun-ss 1qtr
- Beðið eftir reglugerðráðherra - fyrripart?
- Vinna við svæðisáætlun. –SSNE-V maí?
- Endurskoðun samþykta. Síðasta fund 22.
- Ný uppsett gjaldsrá. Síðasta fund 22
- Gildistaka laga 1. jan

Úrlausnaratriði og spurningar

- Kröfur um hirðingu við húsvegg
- Kröfur um söfnun lífræns úrgangs
- Hvernig verður rukkun háttað_
- Rukkun við gámaplön í dreifbýli? Úrelt?
- Samræmast þjónustusamningar nýjum lögum?
- Hvað og hverju á aukin framleiðendaábyrgð eftir að skila?
- Hver verða viðbrögð íbúa við breytingu?